



Skólaráðsfundur 12. apríl 2011 Kl. 16.30

Sameiginlegur fundur skólaráðs, foreldrafélags, forstöðumanns félagsmiðstöðvar og skólastjórnenda.

Mættir: Guðmundur, Alda, Björn, Ragnhildur (Þeba) Kolbrún (foreldrafélag), Gumma, Nana, Emilía, Sigrún, Björg og Friðþjófur.

Árshátíðir nemenda í sjónmáli og undirbúningur á fullu. Mikil þátttaka nemenda á unglingastigi. Búið að selja 122 miða af 140.

Rætt um aðbúnað **Þebu**. Hvernig við getum bætt aðstöðuna fyrir nemendur. Spurning um að gera umbótaáætlun. Fjölbreytt framboð fyrir nemendur í grunnskóla af félagsstarfi er góð forvörn.

Lausar kennslustofur fara annað í önnur hverfi þar sem þörf er á þeim. Við verðum þó að huga að endurnýjun aðstöðu fyrir félagsmiðstöðina.

Ragnhildur forstöðumaður Þebu– allt á kafi í undirbúningi fyrir árshátíð. Spurt var um hvenær lokaði í Þebu þetta skólaárið og Ragnheiður svaraði að náttfatanótt verður föstudaginn 13. maí sem er síðasta föstudagsopnunin. Sumaropnun verður í Pegasus í sumar fyrir Smáraskólakrakkana. Námskeið fyrir 10 – 12 ára.

Smárahátíð – skólinn tilbúin að koma að þessu verkefni, sitja í nefnd og/eða fá nemendur til að hjálpa til. Friðþjófur heyrði í leikskólastjórum í hverfinu og þau tilbúin að skoða að vera með þegar fram líða stundir.

Fundurinn ákvað að fara á fullt í undirbúning sumarhátíðar með foreldrafélaginu fyrir þetta ár. Föstudagurinn 3. júní er tilvalin eða miðvikudagurinn 1. júní. Dagsetningin verður ákveðin síðar.

Friðþjófur minnst á hóla- og fjallaferðir. Senda út hvatningarpóst og minnst á að við séum heilsueflandi skóli og vildum endilega taka þátt í þessum ferðum með bekkjarfulltrúum. Farið yrði seinnipart dags og kennarar færu með í stað þess að hafa bekkjarkvöld. Umsjónarkennarar ákveða fjall og tímasetningu og bekkjarfulltrúar senda á hina foreldrana.

Spurning kom um næsta **öskudag** – skv. skóladagatali verður hann skertur kennsludagur.

Maturinn – nú á að bjóða aftur út matinn í mötuneytunum – verður boðið út í apríl. Kannski verður eldað á staðnum aftur.

Páskabingó foreldrafélagsins verður á laugardaginn. Aðalfundur foreldrafélagsins hefur verið í enda apríl. Þarf að kjósa aftur í skólaráð á þeim fundi.

Friðþjófur ber upp spurningu hvort eigi að hafa einn opinn fund skólaráðs með aðalfundi foreldrafélagsins. Starfsmenn og foreldrar myndu vera saman og vinna að leiðarljósi skólans. Tekið var jákvætt í það.

Deildarstjórar skólans, forstöðumaður Þebu og fulltrúar foreldrafélagsins víkja af fundi 17.25.

Skólaráð heldur áfram.

Skóladagatal borið upp. **Samþykkt var skóladagatal 2011 – 2012 samhljóða.**

Ábending frá skólaráði að gott væri að setja inn á dagatalið dagsetningar um fundi og slíkt frá foreldrafélaginu.

Skipulag skólaársins og nemendafjöldi næstu árin kynntur. Nemendur í hverfinu skila sér vel í skólann.

Tímaúthlutun – það er að fækka nemendum hjá okkur og tímum hefur fækkað hjá okkur um 80 tíma á milli ára. Ekki hefur þó komið til uppsagna. Myndast þrýstingur á að setja saman bekki og hagræða eins og hægt er. Friðþjófur sendir skyggjur í fylgigögnum.

Starfsmannamál – húsvörður hættir. Einhverjar breytingar verða á skólaliðahópnum. Auglýstar stöður eftir páska – alltaf þarf að auglýsa allar stöður. Enn óljóst með stöðu aðstoðarskólastjóra, áframhaldandi leyfisbeiðni Ástu Bryndísar aðstoðarskólastjóra fer fyrir bæjarráð þarnaesta fimmtudag og ætti að vera niðurstaða rétt fyrir mánaðarmótin.

Heilbrigðiseftirlitið – skyggna. Á næsta fundi þyrftum við að rölta um skólann og skoða skólann með tilliti til viðhalds.

Velferð nemenda – skyggna. Samstarfshópur heilsugæslu, félagsþjónustu og skóla verður settur á laggirnar og fundað verður 3. maí.

Erum að vinna skólareglur og vonandi liggur eitthvað fyrir á næstu fundum. Stefnt að því að fullvinna þær á þessu skólaári og kynna þær og vinna samkvæmt þeim á næsta skólaári.

Umhverfismál: dagur umhverfisins 25. apríl ár hvert – sjá skyggjur frá Friðþjófi. 28. apríl kl. 17.00 skógar- fjölskylduganga í boði.

Næsti fundur ákveðin 17.maí 2011.

Fundi slitið kl. 18.04

Fundarritari: Björg Baldursdóttir

Aðstoðarskólastjóri Smáraskóla